

Starfslýsing kennara

Næsti yfirmaður: Stjórnendur



Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til þess að nota starfsheitið kennari
- Viðbótarmenntun er kostur
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga
- Skipulagshæfni, stundvísi, frumkvæði, framtakssemi og sjálfstæði
- Faglegur metnaður
- Áhugi og hæfni til að starfa í teymisvinnu

Ábyrgðarsvið: *Á kennara hvílir sú skylda að miðla þekkingu til nemenda og veita hverjum nemenda tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði nemenda og frjóa hugsun. Kennara ber að sjá til þess að sérhver nemandi fái viðfangsefni við hæfi, aðstoða hvern og einn í náminu, hvetja til sjálfstæðra vinnubragða, hjálpa hverjum og einum að meta stöðu sína í náminu og stuðla að því að hver nemandi tileinki sér heilbrigðar lífsvenjur. Kennari skal leitast við að vera nemendum sínum til fyrirmyndar um háttvísi, stundvísi og reglusemi.*

Helstu verkefni eru:

- að annast áætlanagerð, kennslu og námsmat samkvæmt meginmarkmiðum aðalnámskrár og stefnu skólans ásamt því að þróa stefnu skólans
- að skipuleggja kennslu sína í samræmi við markmið grunnskólalaga og með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda hverju sinni
- að fylgjast með ástundun, framkomu og líðan nemenda, taka á agamálum og gera skólastjóra og forráðamönnum nemenda viðvart ef hann telur þörf á
- að fylgjast með aðbúnaði til náms og kennslu og gera skólastjóra viðvart ef umbóta er þörf
- að færa dagbækur reglulega, nemendaskrár, einkunnabækur og aðrar nauðsynlegar skýrslur
- að veita umsjónarkennurum upplýsingar um námsgengi og líðan einstakra nemenda
- að hafa forgöngu um gott samstarf heimilis og skóla og veita foreldrum sem gleggstar upplýsingar um skólann og skólastarfið og gengi viðkomandi nemanda
- að hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju
- að hafa jafnrétti nemenda í öllu skólastarfi að leiðarljósi

Allir starfsmenn Grunnskólans í Stykkishólmi eru bundnir trúnaði um hvert það mál sem þeir kunna að verða áskynja í starfi, þagnareiðurinn gildir eftir starfslök. Þeim ber að taka þátt í uppeldisstarfi skólans þar sem megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda. Þeir skulu vera viðbúnir til að veita fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum og þekkingu rýmingaráætlun skólans. Þeir skulu starfa í anda Uppeldis til ábyrgðar, eftir jafnréttisstefnu skólans, tilkynna grun um einelti eftir þar til gerðum leiðum og fylgja öryggisstefnu skólans varðandi persónuverndarlögin.